Brjef landshöfðingja *til landlæknis* **um að styrkveiting til aukalækna hafi engin áhrif á læknahjeraðaskipunina.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., haf 18. maí
ið þjer, herra landlæknir, látið uppi álit yðar um erindi nokkurt frá sýslunefndarmanninum í Ljósavatnshreppi, Sigurði Jónssyni á Yztafelli, dagsettu 22. janúar þ. á., þar sem hann kvartar um það, að Ljósavatnshreppur verði út undan að því er læknisþjónustu snertir, með því að aukalæknir sá, er styrks nýtur sem læknir í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum, sitji á mjög óhentugum stað fyrir íbúa Ljósavatnshrepps, en á hinn bóginn þykist hinn núverandi hjeraðslæknir í 12. læknishjeraði eigi skyldur til að vitja sjúklinga þar, vegna þess að Ljósavatnshreppur hafi gengið undan nefndu læknishjeraði, þegar aukalækni var veittur styrkur samkvæmt fjárlögunum til að gegna læknisstörfum í framannefndum hreppum.

Að vísu get jeg verið yðar samdóma um það, er þjer takið fram um bústað læknisins í Grýtubakka-, Háls- og Ljósavatnshreppum, að það sje óheppilegt að hann sje, eins og nú á sjer stað, í Höfðahverfi, en jeg finn samt eigi næga ástæðu til að fyrirskipa neina breyting í því efni að svo stöddu, með því að líkindi eru til þess að alþingi það, er koma á saman í sumar, taki til meðferðar læknaskipunina í heild sinni. En um skyldu hjeraðslæknisins í 12. læknishjeraði til að veita læknishjálp íbúum Ljósavatnshrepps skal það tekið fram, að með því að ákvæði fjárlaganna um styrk handa aukalæknum eigi virðast geta breytt læknahjeraðaskipun þeirri, er gjörð er með lögunum frá 15. oktbr. 1875, þá getur hjeraðslæknirinn í 12. læknishjeraði eigi skorazt undan því að veita læknisþjónustu íbúum Ljósavatnshrepps, nema hjálpar hans þurfi fremur annarsstaðar í læknishjeraðinu, með því að Ljósavatnshreppur einnig eptir komu aukalæknisins þangað verður að skoðast sem hluti umgetins læknishjeraðs.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hjeraðslækninum í 12. læknishjeraði.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um að sektir fyrir brot gegn lögum nr. 2 frá 31. janúar 1896 renni í landsjóð.** — Í 19. maí
þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., hafið þjer, herra amtmaður, beint til mín þeirri fyrirspurn sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, hvort sektir fyrir brot gegn lögum nr. 2, frá 31. janúar 1896, um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, skuli renna, hvort heldur í landsjóð eða í hlutaðeigandi sveitarsjóð, sýslusjóð eða bæjarsjóð.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir spyrjandanum, að með því að 14. gr. áðurnefndra laga kveður svo á, að brot gegn lögunum skuli varða fangelsi eða sektum og hjer er um opinber mál að ræða, þá virðist liggja beint við að sektirnar renni í landssjóð, úr því að ekki er annað tiltekið, og ber því að borga sektir þær, er greiddar hafa verið fyrir brot á móti áðursögðum lögum, til landsjóðs.